

Alþingi  
Erindi nr. P 127/061  
komudagur 8.3.2002



Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 22  
108 Reykjavík  
Sími 540 6400  
Fax 540 6401  
Netfang:

7. mars, 2002 5A3a hjukrun@hjukrun.is

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga**


Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur fjallað um tillögu þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga.

Stjórnin er sammála því sjónarmiði, sem fram kemur í tillögunni, að innan sveitarfélaga verði að liggja ljóst fyrir hvaða leiðir eigi að fara þegar einstaklingar innan sveitarfélagsins verða fyrir alvarlegum áföllum. Gert er ráð fyrir í tillögunni að sett sé á stofn ný stjórnunarnefnd fyrir áfallahjálp. Í því sambandi vill stjórnin benda á að í hverri sýslu landsins er starfandi almannavarnanefnd og telur stjórnin að ekki sé óeðlilegt að settir séu á stofn starfshópur/ar (nefnd) undir stjórn almannavarnanefnda sem hefðu þetta hlutverk.

Þó að áföll eða slys séu sjaldnast (sem betur fer) af þeirri stærðargráðu að komi til kasta almannavarnarnefnda þá má eðlilegt teljast að hægt sé að leita til slíks starfshóps ef þörf skapaðist. Það að tengja áfallahjálp sveitarfélaga við Almannavarnanefndir á hverjum stað yrði m.a. gert í þeim tilgangi að sú sérþekking sem aflaðist við smærri áföll nýttist ef til stæri og erfiðari áfalla kæmi. Einnig er nauðsynlegt að áfallahjálpin yrði samhæfð og stýringin á hendi sérfróðra aðila því hætt væri við að sérþekking yrði aldrei nægileg innan einstakra og smærri sveitarfélaga. Það er álit stjórnarinnar að unnt verði að tryggja hvoru tveggja innan almannavarnanefnda sem þegar eru til staðar.

Jafnframt er mikilvægt að fyrir liggi hver beri kostnaðinn af áfallahjálpinni ef tillagan nær fram að ganga. Hvort hann leggst á herðar sveitarfélags, en tillagan virðist ganga í þá veru, eða hvort gert verði ráð fyrir fjárveitingum til verkefnisins á fjárlögum hverju sinni? Þetta er óljóst í tillögunni.

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

  
Herdís Sveinsdóttir, formaður